

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. október 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-35/2015:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 15. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á svefnsófa, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst úrbóta eða riftunar.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 27. maí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 9. júní. Með bréfi, dags. 12. júní, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 26. júní. Hinn 23. júní barst bréf frá álitsbeiðanda þar sem ítrekaði aðeins fyrri kröfur sínar. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 13. október, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 6. ágúst 2014 keypti álitsbeiðandi svefnsófa af gerðinni Miami fyrir kr. 125.900. Álitsbeiðandi rekur að sófinn skiptist í tvo hluta en öðrum hlutanum hafi verið skipt út af seljanda. Nýi hlutinn sé öðruvísi á litinn er restin af sófanum. Þá segir álitsbeiðandi að áklæði sófans sé byrjað að rifna. Eins sé það stykki sófans sem dregið er fram þegar sófinn er settur í svefnstöðu bilað. Sú bilun lýsi sér í því að stykkið dettur niður á gólf við notkun. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi úrbóta eða riftunar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi vegna kaupa á sófanum, ásamt ljósmyndum af sófanum.

**IV**

**Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda er m.a. rakið að hinn 15. júlí 2014 keypti álitsbeiðandi Ruben svefnsófa af seljanda fyrir kr. 119.900. Skömmu eftir afhendingu kvartaði álitsbeiðandi undan sófanum. Segir seljandi að til að hafa álitsbeiðanda ánægða hafi fyrirtækið látið hana hafa nýjan sófa af gerðinni Miami, sem að auki sé dýrari en Ruben sófinn, álitsbeiðanda að kostnaðarlausu. Einhverju eftir þetta mun álitsbeiðandi síðan hafa kvartað undan því að efnið í nýja sófanum hafi rifnað. Segist seljandi því skipt út hluta af sófanum með samþykki álitsbeiðanda. Hún hafi síðan kvartað undan því að nýi hlutinn væri ekki í sama lit og sá gamli. Seljandi telur að það sé vegna þess að eldri hlutinn hafi verið í notkun í einhvern tíma og því sé örllítt litamunur á honum og minna notaða hlutanum. Að lokum hafnar seljandi kröfum álitsbeiðanda.

**V**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi svefnsofa af gerðinni Ruben af seljanda hinn 15. júlí 2014 fyrir kr. 125.900. Í kjölfar kvörtunar álitsbeiðanda vegna þess sofa afhenti seljandi henni í hans stað nýjan sofa af gerðinni Miami hinn 6. ágúst 2014. Vegna kvörtunar álitsbeiðanda skipti seljandi síðan hluta af þeim sofa út, en ekki kemur fram hvenær það var gert. Álitsbeiðandi kvartaði til kærufndarinnar 15. apríl sl., þ.e. 8 mánuðum eftir afhendingu á þeim sofa sem kvartað er undan. Telur álitsbeiðandi sófann haldin nokkrum göllum, hann sé mislitur, áklæði hans rífið og útdraganlegur hluti sófans virkar ekki sem skyldi.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Kærufndin getur vel fallist á það að hinn umþrætti sófi sé ekki í því ástandi sem hann var við afhendingu í ágúst 2014 og því geti hann, hlutlægt séð, talist gallaður í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laganna. Það hvílir hins vegar á álitsbeiðanda að sýna fram á að meintir gallar á sófanum séu hvorki hennar sök né stafi af aðstæðum sem hana varða, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um annað en að meira en 6 mánuðir hafi liðið frá kaupum og þar til álitsbeiðandi kvartaði undan galla. Á þannig öfug sönnunarbyrði 2. mgr. 18. gr. laga ekki við í málinu. Kærufndin telur að álitsbeiðanda hafi mistekist að sýna fram á að ástand sófans verði rekið til galla sem sé á ábyrgð seljanda, fremur en meðferðar hennar sjálfrar á sófanum. Verður því, með vísan til 1. mgr. 26. gr. laganna, að hafna kröfum hennar.

Hvað varðar litamun á einstökum hlutum sófans verður ekki ráðið annað af ljósmyndum þeim er fylgdu álitsbeiðni en að fullyrðingar seljanda um að litamunurinn sé afar lítill og verði rakinn til þess að sá hluti sófans sem skipt var út hafi aldrei verið í notkun, séu réttar. Virðist litamunurinn og ekki nægjanlega mikill af myndunum að dæma, til að teljast til galla skv. framanröktum ákvæðum laganna.

**VI**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir